

1. m/s Herjólfur.

Það er flestra manna mál í Vestmannaeyjum að ferjusiglingar verði um ókomna framtíð meginþátturinn og grundvöllurinn að samgöngum til og frá Eyjum.

M/s Herjólfur er ekjufarþegaferja 3.354 brúttótonn að stærð (1.048 tonn nettó). Lengd ferjunnar er 70,5 m og breidd er 16 m. M/s Herjólfur hefur tvær aðalvélar og er hvor þeirra 2.700 KW. Ferjan gengur 16-17 sjómílu/klst. og tekur því 2 klst. og 45 mín að sigla á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar þegar best lætur, þar sem siglingaleiðin er um 40 sjómílu. Ferjan getur tekið mest 524 farþega, 70 fólksbíla eða 6 flutningabíla og 35 fólksbíla.

Sá Herjólfur sem nú siglir milli lands og Eyja er tíu ára. Að meðaltali hafa liðið sextán ár á milli endurnýjunar á Vestmannaeyjaferju. Þess má geta að fyrsti Herjólfur kom 1959, sá næsti 1976 og núverandi Herjólfur 1992.

Almenn ánægja er með að ferðum m/s Herjólfur hefur nú verið fjölgað fyrir tilstilli núverandi samgönguráðherra og tók ný og breytt áætlun gildi um miðjan maí sl. Í sumaráætlun 2002 eru farnar tvær ferðir daglega alla daga nema laugardaga en þá er farin ein ferð eða samtals 13 ferðir á viku. Þessar breytingar á sumaráætlun Herjólfur með fjölgun ferða úr 10-11 í 13 á viku hafa bætt þjónustu við alla þá sem nýta sér þjónustu skipsins.

Í vetraráætlun sem gildir frá byrjun september fram í maí hefur verið ein ferð daglega nema á föstudögum en þá hafa verið farnar tvær ferðir. Raunar var einnig ein ferð á föstudögum frá desember til loka febrúar, en á þessu varð breyting í tvær ferðir um miðjan febrúar sl. skömmu eftir fund samgönguráðherra í Eyjum.

Flutningar með Herjólfur hafa aukist undanfarin ár eins og sjá má í eftirfarandi töflum á næstu síðu. Nokkuð ljóst virðist vera að flöskuhálsinn í þessum flutningum felst í bíla- og farmflutningum og sérstaklega takmörkunum á bíladekki, en ekki fólksflutningum. Þá má nefna að mikill vöxtur hefur orðið í fiskflutningum með skipinu eftir að innlendir fiskmarkaðir tóku að eflast.

Fluttir hafa verið með Herjólfur árin 1997 til 2001 um 80-103 þúsund farþegar árlega. Á sama tíma voru fluttir um 20 þúsund til rúmlega 25 þúsund fólksbílar, tjaldvagnar/fellihýsi og um 3 þúsund flutningabílar (atvinnutæki) árlega.

Tafla 1.**Farþegar 1997-2002**

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Janúar	3.927	3.331	3.513	3.511	4.437	5.411
Febrúar	3.144	2.832	2.576	2.799	4.285	4.585
Mars	4.841	3.962	5.170	4.369	5.523	7.289
Apríl	6.006	6.064	6.357	7.927	8.899	10.306
Mái	8.031	6.842	2.167	7.434	8.349	9.470
Júní	10.508	12.044	12.001	10.209	12.907	15.843
Júlí	11.890	14.059	15.086	13.183	15.365	
Ágúst	14.044	14.733	13.914	17.354	16.843	
September	4.692	5.581	4.650	6.162	7.253	
Október	5.486	1.534	4.685	5.325	7.504	
Nóvember	3.882	3.569	4.551	5.011	5.531	
Desember	3.910	4.266	3.848	5.298	5.429	
Samtals:	80.361	78.817	78.518	88.582	102.325	52.904

Tafla 2.**Fólksbílar árin 1997-2002**

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Janúar	1.056	985	1.061	1.019	1.202	1.426
Febrúar	720	747	800	757	1.049	1.258
Mars	1.068	1.001	1.476	1.111	1.473	1.720
Apríl	1.572	1.787	1.856	2.294	2.328	2.505
Mái	1.807	1.769	609	2.041	2.071	2.504
Júní	2.488	2.963	2.931	2.586	2.903	3563
Júlí	2.735	3.254	3.560	3.348	3.743	
Ágúst	2.951	3.099	3.464	3.555	3.585	
September	1.384	1.651	1.646	1.982	1.998	
Október	1.408	935	1.506	1.594	1.994	
Nóvember	1.135	1.090	1.328	1.500	1.604	
Desember	1.225	1.410	1.319	1.694	1.637	
Samtals:	19.549	20.691	21.556	23.481	25.587	12.976

Tafla 3.**Flutningabílar/atvinnutæki**

Mánuður	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Janúar	219	205	193	206	199	218
Febrúar	242	191	205	197	191	214
Mars	216	250	313	225	274	264
Apríl	277	245	232	232	198	271
Mái	278	266	140	323	232	265
Júní	287	328	274	276	246	270
Júlí	318	310	231	228	274	
Ágúst	220	252	222	207	205	
September	233	299	216	196	200	
Október	248	185	205	229	227	
Nóvember	224	198	259	223	280	
Desember	200	207	184	189	185	
Samtals:	2.962	2.936	2.674	2.731	2.711	1.502

Eins og sjá má á töflunum hér á ofan hefur aukning á árinu 2002 verið mjög mikil og er þá sama hvort litið er til fólks- eða bílaflutninga.

Fargjöld fyrir fullorðna með skipinu eru frá 1. Júlí 2002, kr. 1.700 aðra leiðina eða kr. 3.400 báðar leiðir. Kofa í klefa kostar 850 kr. aðra leið eða 1700 báðar leiðir. Gjald fyrir bíl er kr. 1.700 aðra leið eða 3.400 báðar leiðir. Hægt er að kaupa afsláttarkort og er þá veittur allt að 40% afsláttur. Börn undir 12 ára greiða ekki fargjald með skipinu og sérstök afsláttarfargjöld gilda fyrir skólafólk og ellilífeyrisþega. Fargjald með rútu frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur er kr. 850 aðra leiðina eða 1.700 báðar leiðir.

Núverandi rekstraraðilar m/s Herjólfss eru Samskip hf., sem er alhliða flutningsfyrirtæki bæði á sjó og landi. Vegagerðin og Samskip hf. hafa gert samning um rekstur ferjunnar til þriggja ára, þ.e. frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2003 með möguleika á framlengingu til tveggja ára ef um það næst samkomulag. Styrkur til rekstrar ferjunnar hefur verið sl. 3 ár 75-100 m.kr. á ári. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur til ferjunnar verði 95-100 m.kr.

Auk funda starfshópsins með hagsmunaaðilum, funduðu fulltrúar heimamanna með aðilum í flutningum og ferðapjónustu í Eyjum auk samgöngunefndar bæjarins. Mikilvægi þjónustu m/s Herjólfss og ákveðnir möguleikar á fjölgun ferða skipsins utan sumarátvæðunar voru helsta umræðuefnið auk framtíðarsýnar í samgöngumálum við Vestmannaeyjar.

Flug Reykjavík- Vestmannaeyjar.

Þeir möguleikar sem Eyjamenn hafa ef þeir ætla með flugi frá Eyjum til lands eru tveir. Annars vegar geta menn flogið með Íslandsflugi frá Eyjum til Reykjavíkur og hins vegar með Flugfélagi Vestmannaeyja á Bakkaflugvöll í Landeyjum. Flugfélagið Jórvík hóf einnig flug milli lands og Eyja eftir að Flugfélag Íslands hætti áætlunarflugi til Eyja á síðasta ári. Jórvík hefur nú hætt áætlunarflugi til Eyja. Það er því ekki djúpt í árinu tekið að segja að flugsamgöngur milli Reykjavíkur og Eyja hafi verið í óvissu um nokkurt skeið. Heimamenn telja að flugsamgöngur við höfuðborgina sé í verulegri kreppu. Kreppan lýsir sér einfaldlega í því að mun færri nýta sér þjónustuna eins og sést af þróun farþegafjölda á flugleiðinni undanfarin ár. Inn í þetta spilar mjög hátt verð flugfargjalda milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Það bætir ekki samanburðinn í fluginu frá Reykjavík til Eyja að á flugleiðum Flugfélags Íslands eru í gangi nettilboð til farþega sem eru mun lægri en á flugleiðinni til Eyja þar sem engin slík tilboð eru í gangi hjá Íslandsflugi. Í töflunni hér að neðan má sjá þróun flugs síðustu fimm ár á helstu flugvöllum landsins.

Tafla 4.

Farþegafjöldi á helstu flugvöllum

Flugvöllur	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Vestmannaeyjar	70.080	83.660	89.013	84.007	57.112	19.078 ¹
Bakkaflugvöllur	10.398 ²	16.963	16.975	17.432	19.231	
Akureyri	156.109	181.234	194.404	191.014	161.295	
Egilsstaðir	66.284	70.916	76.910	73.097	61.196	
Ísafjörður	60.480	56.301	54.171	52.067	40.291	
Reykjavík	415.353	444.013	454.469	440.903	352.330	
Samtals:	768.306	853.087	885.942	858.520	691.455	19.078

Á síðasta ári fækkaði farþegum í innanlandsflugi verulega og hefur sú þróun haldið áfram á þessu ári. Telja verður að vaxandi rekstrarkostnaður flugfélaganna og mikil hækkun flugfargjalda vegi þar þyngst. Á þessu varð þó ein undantekning. Farþegum sem fóru um Bakkaflugvöll fjölgaði um tæplega 10% á sama tíma og farþegum í innanlandsflugi fækkaði um tæp 20%. Þess má geta að farþegum sem fóru um Vestmannaeyjaflugvöll fækkaði um 32% á síðasta ári.

Verulegur samdráttur hefur orðið á sætaframboði á flugleiðinni Reykjavík – Vestmannaeyjar síðustu tvö ár og flugfarþegum hefur fækkað að sama skapi. Tvenns konar almenn flugfargjöld eru í gildi milli Reykjavíkur og Eyja, er það herra nú kr. 7.300 önnur leiðin eða 14.600 báðar leiðir, en það lægra 6.115 önnur leiðin og 12.230 báðar leiðir. Að auki eru í gildi sérstök fargjöld fyrir elliðlífsþega og skólafólk 8.830 báðar leiðir og börn 2-11 ára kr. 6.366 báðar leiðir. Þess ber að geta að flugtími á flugleiðinni Reykjavík- Vestmannaeyjar er 20-25 mínútur. Flugfargjöld á þessari flugleið eru orðin mjög há í samanburði við önnur flugfargjöld innanlands. Má segja að flugið hafi verðlagt sig að verulegu leiti út af markaðnum fyrir allan almenning. Einnig spilar þarna inn í minnkandi sætaframboð í fluginu til Reykjavíkur og mismunur á fargjöldum með Herjólfli og flugi til Reykjavíkur. Fjölgun á ferðum skipsins og vöxtur í flugi á Bakka hefur orðið til þess að þeir sem áður nýttu sér flug milli Eyja og Reykjavíkur velja nú frekar fyrrnefnda kosti.

3. Bakkaflugvöllur í Landeyjum

Flugvöllurinn á Bakka lætur ekki mikið yfir sér en, er þó orðin fimmti umferðarmesti flugvöllur landsins í farþegum talið. Flugfélag Vestmannaeyja hefur stundað flug milli Eyja og Bakkaflugvallar í Landeyjum nú um nokkurra ára skeið og flutt mest tæplega 20.000 þús. farþega á síðasta ári. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs hefur orðið liðlega 20% fjölgun á farþegum sem fara um Bakkaflugvöll miðað við sömu mánuði í fyrra. Aðstöðuleysi fyrir starfslið og farþega er helsta vandamálið á Bakkaflugvelli.

¹ Tölur fyrir Vestmannaeyjaflugvöll eru fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2002.

² Tölur fyrir Bakkaflugvöll 1997 eru aðeins frá júní til desember.

Nokkur uppbygging hefur verið á flugvælinum undanfarin ár enda hefur notkun vallarins verið mjög mikil frá árinu 1998. Fé til framkvæmda og uppbyggingar á Bakkaflugvelli hefur verið af skornum skammti og öll aðstaða og mannvirki eru orðin allt of lítil og veikburða miðað við núverandi starfsemi. Flugstöðin er aðeins um 60 m² að flatarmáli, sem er algjörlega ófullnægjandi fyrir þá umferð sem nú er um flugvöllinn. Þess má geta að vallarstjóri hefur takmarkaða yfirsýn yfir flugvöllinn úr flugstöðinni og á þetta sérstaklega við um suður-norður flugbraut vallarins. Vinnueftirlit ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafa gert athugasemdir við vinnuástöðu flugumferðastjóra og aðstöðu flugfarþega.

Nokkuð algengt er að allstórir hópar ferðamanna fari um Bakka-flugvöll á leið sinni til Eyja. Hugmyndir hafa verið uppi um að flytja stærri flugstöð með flugturni á Bakkaflugvöll frá einhverjum þeirra flugvalla þar sem reglubundið flug er ekki stundað lengur. Annar og betri kostur er að byggja nýja flugstöð á Bakka sem myndi þjóna því starfsfólki og þeim farþegum sem um völinn fara mun betur en gert er í dag. Af öðrum brýnum verkefnum má nefna endurbyggingu grasbrautar (norður-suður brautina) og endurbætur á lýsingu og tækjakosti flugvallarins. Austur - vestur braut (um 1000 m löng) hefur aftur á móti verið styrkt og klædd. Eftir að hún var tekin í gagnið á ný hefur flug á völinn aukist verulega. Mikilvægt er að völlurinn verði byggður upp þannig að hann standi jafnfætis öðrum flugvöllum hér á landi.

Á Bakka eru nokkur bílgeymsluhús sem rúma um 50 ökutæki. Eyjamenn geyma þar bæði bifreiðar, hjólhýsi og tjaldvagna. Flestir telja að Bakkavöllur sé vaxandi, enda liggi hann vel við fyrir Eyjamenn og ferðalanga sem þangað stefna. Frá Bakkavelli til Reykjavíkur eru um 130 km, þ.e. 1 klst 40 mín akstur í bifreið.

Nokkuð hefur borið á gagnrýni á að vegurinn að Bakkavelli frá þjóðvegi sé illa merktur og að hann sé alls ekki nægilega góður. Vegagerðin hefur unnið að bættum merkingum í vor og sumar við þjóðveg 1, en bæta má merkingar verulega á leiðinni frá þjóðvegi niður á Bakkaflugvöll. Ennþá vantar slitlag á 4,6 km. kafla á veginn frá þjóðvegi niður á Bakkaflugvöll. Gert er ráð fyrir að leggja slitlag á þennan kafla skv. langtímaáætlun Vegagerðar en reikna má með að uppbygging vegarins og lagning slitlags geti numið allt að 100 mkr. ef allt er talið. Mikilvægt er að lokið verði við lagningu slitlags á þennan vegarkafla eigi síðar en á árinu 2004.

Bakkaflugvöllur býður upp á góðan kost í samgöngum við Vestmannaeyjar enda flugtími frá eyjum aðeins 6-7 mínútur. Flugfargjöld Vestmannaeyjar- Bakki fyrir fullorðna er 1.900 kr. önnur leið eða 3.800 báðar leiðir. Börn 2-11 ára greiða 1.000 aðra leið eða kr. 2.000 báðar leiðir.

Að loknum nauðsynlegum framkvæmdum getur Bakkaflugvöllur talist raunverulegur valkostur í tryggum flugsamgöngum milli lands og Eyja. Gagnrýnt hefur verið að engar áætlunarferðir eru með bifreiðum frá Bakkaflugvelli til Hvolsvallar í tengslum við áætlunarflug á Bakka.

Heildarkostnaður við uppbyggingu Bakkaflugvallar getur numið allt að 160 mkr. ef allt er tekið með.

Tillögur um úrbætur samkvæmt áfangaskýrslu starfshópsins:

1.

Að fjölgað verði ferðum í vetraráætlun Herjólfss sem tekur gildi í september 2002 og gildir til apríl loka 2003. Fyrstu skref verði tekin með fjölgun ferða á fimmtudögum og mánudögum í september, október og nóvember og síðan aftur í mars og apríl. Næstu skref verði fólgin í fjölgun ferða skipsins á sunnudögum í sömu mánuðum. Miðað verði við að sumaráætlun skipsins sem nú er í gangi verði í það minnsta óbreytt næsta sumar, en taki gildi frá 1. maí 2003.

Áætlaður kostnaður vegna frekari fjölgunar ferða skipsins er áætlaður 22-23 mkr. á ársgrundvelli í fyrsta áfanga, en hækkar í liðlega 30 mkr. á ársgrundvelli þegar næsta áfanga hefur verið bætt við.

2.

Ráðist verði í nauðsynlegar endurbætur á Bakkaflugvelli sem allra fyrst. Forgangsverkefni verði bygging nýrrar flugstöðvar ásamt tilheyrandi kostnaði við aukið starfsmannahald.

Áætlaður framkvæmdakostnaður vegna þessa er 35 mkr. vegna nýrrar flugstöðvar en aukinn rekstarkostnaður er um 5 mkr. á ári.

3.

Ef óvissa eykst frekar um framtíð áætlunarflugs á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja þá verði rækilega kannað hvort hagkvæmt kunni að vera að bjóða út flugleiðina.

Á þessari stundu er ekki hægt að áætla kostnað vegna þeirra breytinga sem útboð á flugleiðinni hefði í för með sér og áhrif þess á flugfargjöld.